

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 17/1997

Samband íslenskra viðskiptabanka,
Samband íslenskra sparisjóða og
aðilar sem standa að RÁS-þjónustu
banka og sparisjóða

gegn

Samkeppnisstofnun

I.

Með bréfi, dags. 29. október 1997, er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála 30. október s.á., kærði Tryggvi Gunnarsson, hrl., fyrir hönd Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða og þeirra aðila sem standa að svonefndri RÁS-þjónustu banka og sparisjóða ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem fram kemur í bréfum stofnunarinnar dags. 19. september, 9. október og 23. október 1997.

Í bréfi Samkeppnisstofnunar til lögmanns áfrýjenda, dags. 19. september 1997, kemur fram að áfrýjendur hafi ekki afhent öll þau gögn sem stofnunin hafi óskað eftir með bréfi dags. 14. ágúst 1997. Stofnunin ítrekaði þá ósk sína og kallaði auk þess eftir frekari gögnum. Í bréfum Samkeppnisstofnunar til lögmanns áfrýjenda, dags. 9. og 23. október 1997, er krafan um afhendingu gagna ítrekuð.

Þau gögn sem Samkeppnisstofnun óskaði eftir í ágúst 1997 en ekki hafa verið afhent eru eftirfarandi:

1. Fundargerðir RÁS-nefndar eða framkvæmdanefndar um debetkort frá 30. nóvember 1993 til 7. apríl 1995.
2. Allar fundargerðir SÍV frá því að ritun fundargerða hófst(ágúst 1995, sbr. bréf SÍV, dags. 10. september).

3. Allar fundargerðir SÍSP frá 30. nóvember 1993.
4. Allar fundargerðir stjórnar Reiknistofu bankanna frá 30. nóvember 1993. “

Í bréfi dags. 19. september 1997 óskaði Samkeppnisstofnun auk þess eftir að fá afrit af eftirfarandi gögnum:

_1. Afritum af öllum bréfum, símbréfum, og minnisblöðum sem farið hafa milli SÍV og aðila að sambandinu frá 30. nóvember 1993 til dagsins í dag. Auk þess afrit af öllum minnisblöðum og skýrslum sem ritaðar hafa verið innan SÍV á sama tímabili.

2. Afritum af öllum bréfum, símbréfum, og minnisblöðum, þar sem sérstaklega er fjallað um hvers kyns samstarf og samvinnu sparisjóðanna, sem farið hafa milli SÍSP og aðila að SÍSP frá 1. janúar 1995 til dagsins í dag. Auk þess afrit af öllum minnisblöðum og skýrslum sem ritaðar hafa verið um sama efni innan SÍSP frá sama tímabili.“

Áfrýjendur krefjast þess að áfrýjunarnefndin felli úr gildi framangreindar ákvarðanir Samkeppnisstofnunar um afhendingu gagna.

Samkeppnisstofnun krefst þess að ákvarðanir hennar frá 14. ágúst 1997 og 19. september 1997 um afhendingu gagna verði staðfestar.

II.

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 6. maí 1997, barst Samkeppnisstofnun kvörtun frá Pósti & síma hf. vegna synjunar á aðgangi að svokölluðu RÁS-kerfi banka og sparisjóða með færslukortum. Að mati Pósts & síma hf. fól synjunin í sér ólögmeta aðgerð milli keppinauta sem bryti í bága við 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

Kvörtunin var tekin til meðferðar hjá Samkeppnisstofnun. Með bréfi, dags. 14. ágúst 1997, óskaði Samkeppnisstofnun eftir ýmsum gögnum frá áfrýjendum vegna meðferðar fyrrgreindrar kvörtunar.

Með bréfi, dags. 11. september 1997, sendi lögmaður áfrýjenda hluta af þeim gögnum sem Samkeppnisstofnun hafði óskað eftir.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 19. september 1997, var lögmanni áfrýjenda bent á að hluta af gögnunum vantaði og var ítrekuð ósk um afhendingu þeirra. Jafnframt var óskað eftir frekari gögnum.

Á fundi áfrýjenda og Samkeppnisstofnunar, 1. október 1997, kom fram að áfrýjendur væru reiðubúnir til viðræðna við Póst & síma hf. um kaup á þjónustu og aðgangi að RÁS-þjónustunni, ef Póstgíróstofan teldist að lögum hafa heimild til að reka fyrirhugaða starfsemi. Þá kom fram að áfrýjendur töldu ekki þörf á frekari gögnum vegna máls þessa.

Með bréfi til áfrýjenda, dags. 9. október 1997, ítrekaði Samkeppnisstofnun kröfu sína um afhendingu þeirra gagna sem um er getið í bréfi stofnunarinnar dags. 19. september 1997.

Í bréfi lögmans áfrýjenda til Samkeppnisstofnunar, dags. 20. október 1997, kom fram að áfrýjendur teldu ekki þörf á umræddum upplýsingum vegna málsins.

Samkeppnisstofnun ítrekaði kröfu sína um afhendingu gagna með bréfi dags. 23. október 1997.

Mál þetta var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála 24. nóvember 1997.

III.

1.

Áfrýjendur telja að til meðferðar séu tvö aðskilin mál. Annars vegar krafa um afhendingu þeirra gagna sem Samkeppnisstofnun óskaði eftir í ágúst 1997 en ekki hafa verið afhent og hins vegar krafa Samkeppnisstofnunar um frekari gögn, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 19. september 1997.

Að mati áfrýjenda snýst mál þetta um _hvort núgildandi laga- og reglugerðarákvæði um starfsemi Póstgíróstofunnar heimili Pósti & síma hf. þá starfsemi á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar með útgáfu debetkorta til almennra nota sem eru tilefni þess að óskað er eftir aðgangi að RÁS-þjónustunni“. Áfrýjendur geta ekki séð hvernig þau gögn sem Samkeppnisstofnun krefst að fá afhent, þ.e. þau gögn sem talin eru upp á fyrri bls. bréfs Samkeppnisstofnunar dags. 19. september 1997, skipti máli við úrlausn þessa máls. Þá telja áfrýjendur að það sé ekki verkefni samkeppnisyfirvalda að skera úr þessu ágreiningsefni.

Áfrýjendur segjast vera tilbúnir til að ræða við Póst & síma hf. um aðgang að RÁS-þjónustunni, að því gefnu að Póstgíróstofan teljist að lögum hafa heimild til að reka fyrirhugaða starfsemi. Í ljósi þess telja áfrýjendur að ekki séu lengur fyrir hendi neinar meintar

samkeppnishindranir. Áfrýjendur telja því ekki lengur tilefni til afhendingar þeirra gagna sem Samkeppnisstofnun hefur krafist. Þá er bent á að heimild Samkeppnisstofnunar sé samkvæmt 39. gr. samkeppnislaga takmörkuð við gögn vegna athugunar á einstöku máli og í þessu tilviki sé samkeppnismálinu í raun lokið.

Áfrýjendur telja að þau gögn sem afhent voru með bréfi, dags. 11. september 1997, séu fullnægjandi til athugunar á því máli sem Samkeppnisstofnun hafði til athugunar vegna erindis Pósts & síma hf. Afhent hafi verið afrit af öllu því sem fært hafi verið í fundargerðir áfrýjenda, á umbeðnu tímabili, vegna RÁS-þjónustunnar. Bent er á að í fundargerðunum sé fjallað um mörg önnur mál óskyld RÁS-þjónustunni. Þá benda áfrýjendur á að 39. gr. samkeppnislaga heimili aðeins kröfu um afhendingu gagna sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála og að Samkeppnisstofnun hafi ekki sýnt fram á að henni sé nauðsyn á frekari gögnum vegna erindis Pósts & síma hf.

Að mati áfrýjenda er krafa Samkeppnisstofnunar víðtækari en nauðsynlegt er og samrýmist ekki ákvæði 39. gr. samkeppnislaga né grundvallarreglum sem opinberum rannsóknar- og eftirlitsaðilum ber að viðhafa við rannsókn máls.

Bent er á að þegar hafi verið afhent það úr fundargerðum áfrýjenda sem fjalli um RÁS-þjónustuna og að ágreiningur um aðgang Pósts & síma hf. fjalli nú aðeins um hverjar séu starfsheimildir Póstgíróstofunnar. Í ljósi þess telja áfrýjendur að krafa Samkeppnisstofnunar um afhendingu umbeðinna gagna fari í bága við meðalhöfsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Hvað varðar kröfu Samkeppnisstofnunar um frekari gögn, sbr. bréf Samkeppnisstofnunar dags. 19. september 1997, benda áfrýjendur á að Samkeppnisstofnun krefjist gagna sem varði „samstarf íslenskra viðskiptabanka og sparisjóða“ án nánari afmörkunar. Áfrýjendur telja að til þess að stofnunin geti haft uppi kröfu samkvæmt 39. gr. samkeppnislaga þurfi að vera tilgreint hvaða einstaka mál er tilefni kröfunnar.

Að mati áfrýjenda verða ekki gerðar minni kröfur til tilgreiningar á grundvelli 39. gr. samkeppnislaga heldur en gert er samkvæmt 14. gr. stjórnarsýslulaga.

Áfrýjendur telja að auk þess sem athugunarefnið sé ekki nægjanlega tilgreint þá sé lýsing á því hvað beri að afhenda of víðtæk og óljós. Ekki sé ljóst hvað sé átt við t.d. með minnisblöðum og skýrslum. Þar sem

athugunarefnið og þau gögn sem krafist er séu ekki nægjanlega tilgreind, telja áfrýjendur að krafan uppfylli ekki skilyrði 39. gr. samkeppnislaga né skilyrði sem almennar reglur um góða stjórnsýsluhætti setja

Áfrýjendur telja að á stjórnvaldi sem fer með rannsóknarvald hvíli sú skylda að gera þeim sem athugun beinist að grein fyrir því hvaða háttsemi sé til rannsóknar og af hvaða tilefni. Stjórnvöld eigi ekki að viðhalda hugsanlega ólömætu ástandi og það sé hluti af leiðbeiningarskyldu þeirra að skýra hvert sé tilefni afskipta, þegar við upphaf máls.

Bent er á að í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 beri stjórnvöldum að sjá til þess að afleiðingar gerða þeirra verði ekki harkalegri en nauðsyn krefur hverju sinni. Áfrýjendur benda á að þeir hafi óskað eftir viðræðum við fulltrúa Samkeppnisstofnunar um það hvaða atriði í starfsemi þeirra kynni að fara í bága við samkeppnislög. Að mati áfrýjenda hefði fyrst átt að grípa til vægari úrræða t.d. viðræðna.

Áfrýjendur benda á að athugun máls vegna gruns um meint brot á samkeppnislögum feli í eðli sínu í sér grun um refisverða háttsemi, sbr. 57. gr. samkeppnislaga. Þetta gefi tilefni til að huga að ákvæðum 1. og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög 62/1994, þegar komi að beitingu 39. gr. samkeppnislaga. Bent er á að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi litið svo á að þeim sem sakaður sé um refisverða háttsemi sé óskýlt að tjá sig eða láta í té upplýsingar sem leitt geta til sakfellingar hans.

2.

Að sögn fulltrúa Samkeppnisstofnunar hefur formlegt boð um viðræður við áfrýjendur ekki borist Pósti & síma hf. Þá sé ljóst að lögmaður Pósts & síma hf. líti svo á að kvörtun sín sé enn til meðferðar hjá Samkeppnisstofnun og að krafist sé efnislegar niðurstöðu. Þá telur Samkeppnisstofnun að jafnvel þótt umræddir aðilar hefðu hafið viðræður væri það ekki bindandi fyrir samkeppnisyfirvöld þar sem málsforræðisreglan gildi ekki í stjórnsýslurétti.

Að mati Samkeppnisstofnunar er orðalag 39. gr. samkeppnislaga skýrt og ótvírætt. Ljóst sé að Samkeppnisstofnun hafi það hlutverk að meta hvaða upplýsingar sé nauðsynlegt að fá til þess að framkvæma samkeppnislög. Þessi túlkun sé einnig í samræmi við 10. gr. stjórnsýslulaga.

Samkeppnisstofnun telur án vafa að fundargerðir áfrýjenda geti varpað ljósi á RÁS-málið. Nauðsynlegt sé að skoða slík gögn í samhengi og því sé að jafnaði í slíkum málum óskað eftir öllum fundargerðum fyrir tiltekið tímabil.

Að mati Samkeppnisstofnunar leiðir rétt lagatúlkun á 39. gr. samkeppnislaga til þess að aðili máls geti ekki neitað að afhenda gögn á þeim grundvelli að hann telji þau ekki varða viðkomandi mál. Þetta sé í samræmi við það sem tíðkist hjá sambærilegum innlendum stjórnvöldum, t.d. skattayfirvöldum, svo og í erlendum samkeppnisrétti. Sú túlkun að aðili máls geti ekki neitað að afhenda gögn á þeirri forsendu að þau séu ekki nauðsynleg sé eðlileg og til þess fallin að stuðla að virkara samkeppniseftirliti.

Varðandi kröfu Samkeppnisstofnunar um frekari gögn, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 19. september 1997, er bent á að tilgangur gagnaöflunarinnar sé annars vegar að afla frekari gagna vegna RÁS-málsins og hins vegar til að leggja mat á samstarf milli áfrýjenda.

Að því er varðar tilgreiningu á tilefni gagnaöflunar telur Samkeppnisstofnun ljóst að hér sé einnig um einstakt mál að ræða í skilningi 39. gr. samkeppnislaga.

Að mati Samkeppnisstofnunar er 39. gr. samkeppnislaga ætlað að veita fullnægjandi heimildir til að afla gagna til að sinna þeim verkefnum sem samkeppnislögin mæla fyrir um, sbr. 1. og 5. gr. laganna. Afmörkun á því hvað telst einstakt mál ræðst af því hvað samkeppnisyfirvöld telja nauðsynlegt að taka til skoðunar hverju sinni.

Samkeppnisstofnun telur óraunhæft að krefjast þess að stofnunin bendi nákvæmlega á það atriði sem varðar geti við samkeppnislög. Yfirleitt sé staðan sú við upphaf rannsóknar að samkeppnisyfirvöld hafi engin áþreifanleg gögn í höndunum.

Bent er á að samanburður 39. gr. samkeppnislaga við 14. gr. stjórnarsýslulaga standist ekki þar sem sú grein sé í kafla um andmælarétt en eigi ekki við á frumstigi mála.

Að því er viðkemur ábendingu áfrýjenda á ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, bendir Samkeppnisstofnun á að samkvæmt íslenskum lögum hafi aðili stjórnarsýslumáls ekki rétt til að neita að tjá sig eða afhenda upplýsingar við rekstur stjórnarsýslumáls. Það sé einungis þegar aðili fái réttarstöðu grunaðs manns og þegar mál sé rekið á grundvelli laga um meðferð opinberra mála. Þá er bent á að 6. gr. mannréttindasáttmálans veiti einstaklingum ákveðin réttindi en að í þessu máli sé um lögpersónur að ræða.

IV.

Niðurstöður.

1.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 14. ágúst 1997, til lögmanns áfrýjenda Tryggva Gunnarssonar, hrl., var þess óskað að tiltekin gögn yrðu afhent Samkeppnisstofnun með vísan til 39. gr. samkeppnislaga. Sum af þessum gögnum voru afhent samkvæmt beiðninni en önnur ekki. Ástæðan var sú að áfrýjendur töldu sér ekki skylt að afhenda þau. Ágreiningurinn varðar eftirtalin gögn:

1. Fundargerðir RÁS-nefndar eða framkvæmdanefndar um debetkort frá 30. nóvember 1993 til 7. apríl 1995.
2. Allar fundargerðir Sambands íslenskra viðskiptabanka frá því að ritun fundargerða hófst (í ágúst 1995, sbr. bréf Sambands íslenskra viðskiptabanka, dags. 10. september).
3. Allar fundargerðir Sambands íslenskra sparisjóða frá 30. nóvember 1993.
4. Allar fundargerðir stjórnar Reiknistofu bankanna frá 30. nóvember 1993.

Beiðni Samkeppnisstofnunar var upphaflega tilkomin vegna bréfs Pósts & síma hf. til Samkeppnisstofnunar frá 6. maí 1997 þar sem hlutafélagið kvartaði yfir því að það fengi ekki aðgang að svonefndu RÁS-kerfi banka og sparisjóða með færslukortum. Samkeppnisstofnun hófst handa við athugun þess máls með bréfi til Sambands íslenskra viðskiptabanka frá 14. maí 1997 þar sem óskað var eftir umsögn og athugasemdum. Lögmaður áfrýjenda svaraði erindinu með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 24. júní 1997. Í framhaldi af þessu óskaði Samkeppnisstofnun í bréfi til lögmanns áfrýjenda frá 14. ágúst 1997 eftir umsögn hans um málið auk þess sem óskað var eftir ýmsum gögnum og upplýsingum og þar á meðal framlagningu allra þeirra gagna sem um er deilt í máli þessu. Þessu var svarað með bréfi lögmanns áfrýjenda, dags. 11. september 1997. Þar kemur m.a. fram að fundargerðir stjórnar SÍV eftir ágúst 1995, þar sem fjallað var um RÁS-kerfi bankanna, hafi verið sendar til Samkeppnisstofnunar. Einnig voru fundargerðir Reiknistofu bankanna eftir 30. nóvember 1993 sendar Samkeppnisstofnun. Fundargerðirnar fékk

Samkeppnisstofnun þannig í hendur að veittar voru upplýsingar um dagskrá hvers fundar ásamt umræðum um þá dagskrárliði sem vörðuðu RÁS-kerfið, Póst- og símamálastofnun/Póst & síma hf. og samkeppnismál. Loks fylgdu fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sparisjóða eftir 30. nóvember 1993 með sama hætti að því er tók til umfjöllunar um RÁS-kerfið.

Samkeppnisstofnun kannaði mál þetta út frá þeim grundvelli að synjun um aðgang að RÁS-þjónustu banka og sparisjóða kynni að fela í sér ólögmeta samstillta aðgerð milli fyrirtækja sem hefðu markaðsráðandi stöðu. Ákvæði 39. gr. samkeppnislaga hafa að geyma rúma heimild til að krefjast upplýsinga við athugun einstakra mála. Slík heimild auðveldar samkeppnisfyrirvöldum að rækja skyldur sínar.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lítur svo á að umræddar fundargerðir hafi verið nauðsynleg og eðlileg gögn við athugun og ákvörðun í því máli sem til meðferðar var hjá Samkeppnisstofnun þegar beiðnin var sett fram. Fundargerðir eru slíkt grundvallargagn að réttmætt var, miðað við það málsefni sem til skoðunar er, að Samkeppnisstofnun mæti það sjálf í fyrstu umferð hvað í þessum gögnum kynni að skipta máli og hvernig einstök málefni, sem rædd voru á fundum stjórnenda fyrrgreindra aðila, kynnu hugsanlega að tengjast innbyrðis. Af þessu leiðir að beiðni Samkeppnisstofnunar var lögmæt er hún var sett fram og ekki víðtækari en nauðsyn bar til.

Telja verður að lögmæti beiðnar Samkeppnisstofnunar hafi ekki breyst við það að aðilar RÁS-þjónustunnar hafi síðar lýst því yfir að þeir væru reiðubúnir að hefja viðræður við Póst & síma hf. um aðgang að RÁS-kerfinu að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Það sem máli skiptir í þessu sambandi er að fyrrgreindri athugun Samkeppnisstofnunar er enn ekki lokið og því enn ekki ljóst til hvaða úrræða hún kann að grípa í framhaldinu, þ.á.m. hvort hún muni halda athugun áfram. Af þessum sökum verður ekki fallist á að ágreiningur þessa máls snúist nú eingöngu um hverjar séu starfsheimildir Pósts & síma hf. að því er varðar Póstgíróstofuna lögum samkvæmt og að unnt sé með hliðsjón af því að byggja á meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna. Af sömu ástæðu eiga heldur ekki við röksemdir um að ekki séu lengur skilyrði að lögum til þess að samkeppnisfyrirvöld beiti valdheimildum sínum.

Af þessu leiðir að staðfesta ber hina kærðu ákvörðun að því er tekur til þeirra gagna sem hér er fjallað um.

2.

Í bréfi Samkeppnisstofnunar til lögmanns áfrýjenda, frá 19. september 1997, var talið nauðsynlegt, með vísan til þeirra gagna sem stofnuninni bárust með bréfi lögmannsins frá 15. september 1997, að afla frekari gagna um samstarf íslenskra viðskiptabanka og sparisjóða. Þar var um að ræða afrit af öllum bréfum, símbréfum og minnisblöðum sem höfðu farið milli Sambands íslenskra viðskiptabanka og aðila þess frá 30. nóvember 1993 til 19. september 1997 og auk þess afrit af öllum minnisblöðum og skýrslum sem ritaðar höfðu verið innan sambandsins á sama tímabili. Jafnframt var óskað eftir afritum af öllum bréfum, símbréfum og minnisblöðum þar sem sérstaklega var fjallað um hvers kyns samstarf og samvinnu sparisjóðanna, sem farið hafa milli Sambands íslenskra sparisjóða og aðila þess frá 1. janúar 1995 til 19. september 1997. Loks var óskað eftir afritum af öllum minnisblöðum og skýrslum sem ritaðar hafa verið um sama efni innan Sambands íslenskra sparisjóða frá sama tímabili.

Samkeppnisyfirvöld vinna m.a. gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum. Í þessari starfsemi skulu samkeppnisyfirvöld m.a. fara eftir ákvæðum 10. kafla samkeppnislaganna, sem fjallar um upplýsingaskyldu, og öðrum ákvæðum sem telja verður að gildi um það efni, þar á meðal ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum og stjórnarsýslulögum eftir því sem við á.

Af gögnum málsins er ljóst að Samkeppnisstofnun hugðist útvíkka þá athugun sem hófst með fyrrgreindu bréfi Pósts & síma hf. til Samkeppnisstofnunar frá 6. maí 1997. Ákvæði 14. gr. stjórnarsýslulaga gerir ráð fyrir því að stjórnvald skuli vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar. Tilkynningar af þessu tagi verða að vera afmarkaðar með sanngjörnum hætti þannig að aðili geti notið þeirra réttinda sem leiða af andmælarétti og öðrum meginreglum stjórnarsýsluréttar.

Í máli þessu var krafist gagna um „samstarf íslenskra viðskiptabanka og sparisjóða“. Í bréfi Samkeppnisstofnunar frá 9. október 1997 kemur einungis fram sú skýring að annað samstarf bankanna og sparisjóðanna heldur en RÁS-þjónustan kunni að fara gegn ákvæðum 1., 10., 12. eða 17. gr. samkeppnislaga. Þau gögn sem óskað var afhendingar á eru yfirgripsmikil. Þau varða eins og áður er fram komið allar orðsendingar sem fram hafa farið milli Sambands íslenskra viðskiptabanka og aðila að sambandinu frá 30. nóvember 1993 til 19. september 1997 og afrit af öllum

minnisblöðum og skýrslum sem ritaðar hafa verið innan Sambands íslenskra viðskiptabanka á sama tímabili. Samsvarandi á við um Samband íslenskra sparisjóða. Umrædd beiðni um gögn gefur samkvæmt þessu því ekki sérstaklega til kynna við hvað athuginin kunni að takmarkast.

Með hliðsjón af framangreindu þykir skorta á að beiðni Samkeppnisstofnunar um afhendingu þeirra gagna sem hér um ræðir hafi verið í lögmætu formi. Ber því að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi að þessu leyti.

V.

Úrskurðarorð.

Áfrýjendum er skylt að afhenda Samkeppnisstofnun eftirtalin gögn:

1. Fundargerðir RÁS-nefndar eða framkvæmdanefndar um debetkort frá 30. nóvember 1993 til 7. apríl 1995.
2. Allar fundargerðir Sambands íslenskra viðskiptabanka frá því að ritun fundargerða hófst í ágúst 1995.
3. Allar fundargerðir Sambands íslenskra sparisjóða frá 30. nóvember 1993.
4. Allar fundargerðir stjórnar Reiknistofu bankanna frá 30. nóvember 1993.

Að öðru leyti er ákvörðun Samkeppnisstofnunar um framlagningu gagna sem fram kemur í bréfi Samkeppnisstofnunar til lögmanns áfrýjenda, dags. 19. september 1997, felld úr gildi.

Reykjavík, 12. desember 1997.

Stefán Már Stefánsson

Inga Jóna Þórðardóttir

Magnús Haukur Magnússon

Rétt endurrit staðfestir;

